



## Verklagsreglur vegna framkvæmda á eða í grennd við vatnsverndarsvæði

**Athuga skal að allar framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis á Suðurnesjunum eru tilkynningaskyldar eða leyfisskyldar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.**

1. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa skal vera til staðar og rækilega kynnt öllum starfsmönnum er starfa við framkvæmdina.
2. Verkkaupi skal tilnefna ábyrgðarmann (fulltrúa) sem annast samskipti við heilbrigðiseftirlitið á meðan á framkvæmdum stendur.
3. Allir bílar og tæki sem fara inn á vatnsverndarsvæðið eða grannsvæði vatnsverndar skulu vera skoðuð af viðurkenndum skoðunaraðila eftir því sem við á, s.s. bifreiðaskoðun og/eða Vinnueftirlit.
4. Skilgreint svæði fyrir eldsneytisáfyllingu, fleygskipti eða skipti annarra tóla á tækjum sem gætu valdið leka á glussa skal útbúið þannig að olíuskiptadúkur skal grafinn í jörðu. Dúkurinn skal vera lagður í dæld sem mótuð er úr sandi. Yfir dúknum skal vera a.m.k. 50 cm þykkt sandlag. Svæðið skal hið minnsta vera 4x8m.
5. Við eldsneytisdælingu skal tæki fært á skilgreint áfyllingarsvæði og skal áfylling fara þar fram. Við áfyllingu skal olíuklútur, minnst 30x30 cm með krossskurði eftir miðju, settur utan um olíustút tækis. Áfylling skal fara fram utan verndarsvæðis sé þess kostur.
6. Ef eldsneyti, glussi eða önnur olía fer niður í sand á skilgreindu áfyllingarsvæði skal fjarlægja sandinn án tafar og koma honum í viðurkennda spilliefnamóttöku. Þá skal slíkt tilkynnt til heilbrigðiseftirlitsins.
7. Vélarolíuskipti og glussaskipti skulu skilyrðislaust framkvæmd utan vatnsverndarsvæðis.
8. Starfsmönnum sem starfa inn á vatnsverndarsvæði skulu vera kynntar verklagsreglur þessar ásamt almennum öryggisreglum og viðbragðsáætlun. Verkstjóri verktaka skal fara yfir þessar reglur með starfsmönnum sínum áður en störf á vatnsverndarsvæði hefjast.
9. Verkstjóri á verkstað skal yfirfara vélar og tæki sem eru inn á vatnsverndarsvæðinu á tveggja daga fresti og skoða þau með tilliti til leka. Fylgja skal gátlista við skoðun og merkja við þegar tiltekin atriði hafa verið skoðuð.
10. Leitast skal við eftir fremsta megni að olíumagn í eldsneytisáfyllingarbílum sem fara inn á vatnsverndarsvæði verði takmarkað við magn sem á að dæla í hvert skipti.
11. Við hverja eldsneytisáfyllingu skal eftirlitsaðili frá verktaka fylgja áfyllingarbílnum eftir á öðrum bíl inn og út af svæðinu til að geta gripið til aðgerða ef óhapp verður. Sá aðili sem fylgir eldsneytisáfyllingarbílnum í hvert skipti skal hafa til taks nauðsynlegan mengunarvarnarbúnað s.s. ísogsefni og hafa þekkingu á því hvernig bregðast skal við ef óhapp eða slys á sér stað.



12. Verkkaupi skal kalla til Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja ef ófyrirséð vandamál er tengjast framkvæmdinni koma upp.
13. Tilkynning skal berast til Heilbrigðiseftirlitsins við verkbyrjun og minnst með tveggja daga fyrirvara um verklok.
14. Í vinnuvélum, vörubílum og öðrum tækjum skulu vera til staðar olíu-ísogsklútar svo hægt sé að bregðast við minniháttar lekum komi til þessa.
15. Tilkynna skal til Heilbrigðiseftirlitsins öll lekaóhöpp olíuefna og kælivökva (frosthögur) í tölvupósti. Í tilkynningunni skal koma fram áætlað magn vökvans ásamt myndum af staðsetningu og aðstæðum.
16. Eintak af verklagsreglum þessum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.
17. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað skilyrðin/verklagsreglurnar ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif verða á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir.
18. Heilbrigðisnefnd getur stöðvað framkvæmdir á svæðinu ef ákvæðum skilyrðanna/verklagsreglnanna er ekki fylgt eða ef rökstuddur grunur er um að öryggi vatnsverndar sé ógnað.

**Til viðmiðunar:**

- Verði vart við smit eða leka á olíuefnum, eldsneyti eða kælivökva frá 100ml að 1000ml skal það skráð og tilkynnt til HES og tilgreina til hvaða viðbragða var tekið.
- Verði vart við minni leka frá 1L til 20L, t.d. við rof á glussalögnum, skal það skráð og tilkynnt til HES. Ef þrífa þarf tækið eða vélina með olíuleysi og vatni skal færa tækið út af svæðinu. Þrífir skulu fara fram þar sem frárennsli er tengt við olíuskilju. Reynist það illfært skal hafa samráð við HES um aðrar lausnir.
- Verði vart við meiriháttar leka, 20L og uppúr, skal tilkynna það til UST og HES.
- Verði vart við bruna í vél eða tæki skal kalla til Brunavarnir Suðurnesja (112). Tilkynna þarf brunavörnum sérstaklega að bruninn er innan vatnsverndarsvæðis.
- Fjarlægja skal tafarlaust allan úrgang og önnur aðföng af verkstað að loknum framkvæmdum þ.m.t., jarðvegsúrgang, jarðvegsafganga, malbiksafganga og brot. Verði HES vart við að úrgangur eða aðföng séu skilin eftir á verkstað kann að koma til þess að embættið láti fjarlægja það á kostnað framkvæmdaraðila.

Ofantalið eru aðeins algengustu óhöppin tekin til viðmiðunar sem gætu komið upp við framkvæmdir. Þessi viðmið eru ekki tæmandi.

**Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES)-hes@hes.is / Umhverfisstofnun (UST)-ust@ust.is**